

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 1 og 2, Bakkaföt 1-9 og Dalsföt 2-10.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. desember 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 1 og 2, vegna lóðanna Bakkaföt 1-9 og Dalsföt 2-10.

Breytingin felst í breikkun byggingarreits úr 9 í 11 metra, þakform verði einhalla eða flatt, bílastæði á lóð númer 9 við Bakkaföt verði fært að vesturmörkum lóðar, hæð veggja milli húsa sé 0,3 m yfir efstu brún þaks, efni í veggjum á lóðamörkum skal vera timbur eða steinsteypa.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 30. desember 2004.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

Þorvaldur Vestmann.